

LOGOS

LÖGMANNSPJÓNUSTA
SÍÐAN 1907

Skattaleg staða lífeyrissjóða

- Grundvallaratriði:
 - Skattaleg staða lífeyrissjóða við fjárfestingar erlendis ræðst af þremur þáttum:
 - Skattalegri stöðu þeirra að innanlandsrétti
 - Skattlagningu tekna þeirra að rétti þess lands sem tekjurnar stafa frá
 - Tvísköttunarsamningi Íslands og þess lands sem tekjurnar stafa frá

Innlendur réttur

- Í grunninn er val um tvennt varðandi skattfrelsi lífeyrissjóða:
 - Skattfrelsi sjóðanna sem slíkra
 - Skattfrelsi þeirra tekna sem sjóðirnir fá
- Það getur skipt máli hvor leiðin er farin að lögum viðkomandi ríkis.
- 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt ber yfirskriftina „Aðilar undanþegnir skattskyldu“:
 - Í 6. tl. greinarinnar segir: „Lífeyrissjóðir sem starfa skv. III. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og starfstengdir eftirlaunasjóðir sem heimild hafa til að taka á móti iðgjöldum til myndunar eftirlaunaréttar samkvæmt lögum nr. 78/2007, um starfstengda eftirlaunasjóði.“

Innlendur réttur frh.

- Í 4. mgr. 71. gr. laga um tekjuskatt eru flestir þeirra sem ekki eru skattskyldir skv. áðurgreindri 4. gr. laganna felldir undir skattskyldu vegna söluhagnaðar af hlutabréfum.
 - 1. tl. 5. mgr. sömu greinar undanþiggur þó sérstaklega ákveðna aðila frá slíkri skattskyldu af söluhagnaði hlutabréfa, þ. á m.:
 - „...lífeyrissjóðir, sbr. lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og starfstengdir eftirlaunasjóðir sem heimild hafa til að taka á móti iðgjöldum til myndunar eftirlaunaréttar. ”

Innlendur réttur frh.



- Grundvallarútgangspunktur varðandi greiningu á skattalegri stöðu lífeyrissjóða við fjárfestingar erlendis er því:
 - Sjóðirnir **sem slíkir** eru undanþegnir tekjuskattlagningu á Íslandi

Erlendur réttur



- Þegar fjárfest er erlendis er það undir rétti viðkomandi lands komið:
 - Hvort tekjur sem viðkomandi fjárfestir hefur af fjárfestingunni teljast skattskyldar í upprunaríki
 - Hvernig þær tekjur eru skattlagðar
 - Hvenær þær tekjur eru skattlagðar
- Hér er ekki vikið að erlendum réttarreglum heldur bara vikið að grundvallarreglum.

Erlendur réttur frh.



- Eru tekjur skattskyldar?
 - Löggjöf upprunaríkis ræður því hvaða þættir leiða til skattskyldu, niðurstaða getur ráðist af:
 - Tegund fjárfestingar (hlutafé/skuldabréf/fasteignir o.s.frv.)
 - Tegund tekna (arður/vextir/leiga o.s.frv.)
 - Tegund fjárfestis (einstaklingur/félag/lífeyrissjóður o.s.frv.)
- Þetta þarf að skoða áður en fjárfesting er gerð, eftir atvikum getur þurft að athuga hvort gera þurfi einhverjar ráðstafanir vegna fjárfestinga.

Tvísköttunarsamningar



- Þegar það tvennt liggur fyrir hvernig staðan er í heimaríki og að upprunaríki vill skattleggja þá kemur til kasta tvísköttunar-samninga.
 - Tvísköttunarsamningar eru gerðir milli tveggja eða fleiri ríkja og liðka fyrir milliríkjaviðskiptum með lækkun skattgreiðslna á tekjum aðila sem heimilisfastir eru í öðru ríkinu en hafa tekjur upprunnar í hinu.
- Aðrir milliríkjasamningar geta haft bein áhrif á sömu stöðu, dæmi um það er EES samningurinn sem hefur áhrif á reglur landsréttar sem eiga við um fjárfestingar yfir landamæri.

Tvísköttunarsamningar frh.



- Grundvallaratriði varðandi tvísköttunarvernd þegar kemur að lífeyrissjóðum:
 - **Falla sjóðirnir undir þá aðila sem teljast njóta verndar tvísköttunarsamninga?**

Tvísköttunarvernd



- Af hverju leiðir spurningin?
 - Tvísköttunarsamningar Íslands eru í grunninn byggðir á samningsfyrirmynd OECD, 1. gr. hennar skilgreinir þá sem njóta verndar viðkomandi samnings:
 - „This Convention shall apply to persons who are residents of one or both of the Contracting States.”
 - Gerð er krafa um að um „person” sé að ræða í skilningi samningsins og að viðkomandi sé „resident” í skilningi samningsins.
- Lífeyrissjóðir þurfa að uppfylla bæði – skv. samningi en ekki innanlandsrétti.

Tvísköttunarvernd frh.



- Í 4. gr. samningsfyrirmyndar OECD er skilgreint hverjir teljist „resident“ í skilningi viðkomandi samnings og geti þar með talist njóta verndar hans:
 - „... means any person who, under the laws of that State, is liable to tax therein...“
- Spurningu um það hvort lífeyrissjóðir teljist „liable to tax“ verður líklega að svara neitandi – afleiðingin verður í þeim tilfellum sú að tvísköttunarsamningsvernd er ekki fyrir hendi.

Tvísköttunarvernd dæmi

- Tvísköttunarsamningur við Bandaríkin:
 - Skv. 2. tl. 4. gr. felst „lífeyriskerfi“ í hugtakinu aðili heimilisfastur í samningsríki, þ.e.:
 - Á Íslandi telst sérhver lífeyrissjóður eða lífeyriskerfi sem er viðurkennt skv. lögum um lífeyri eða lífeyriskerfi þetta.
- Tvísköttunarsamningur við Þýskaland:
 - Svipaðar reglur og almennar reglur OECD sem áður er lýst
- Tvísköttunarsamningur við Bretland:
 - Svipaðar reglur og eru í bandaríska samningnum - lífeyriskerfi
- Áhrif EES samningsins

EES samningurinn



- Dæmi um dóma:
 - C-342/10 Finnlandi óheimilt að skattleggja arðstekjur erlendra lífeyrissjóða án þess að heimila sambærilega frádrátt og innlendir sjóðir nutu.
 - C-493/09 Portúgal óheimilt að skattleggja arðstekjur erlendra lífeyrissjóða þar sem innlendir sjóðir voru skattfrjálsir.
 - Ofl.

EES samningur frmh.



- ...en:
 - C540/07 Ítalíu óheimilt að skattleggja arðgreiðslur til erlendra aðila með óhagstæðari hætti en arðgreiðslur innanlands.
 - Þó átti það ekki við um arðgreiðslur til EES ríkjanna, rökin:
 - Skortur á upplýsingaskiptaákvæðum í tvísköttunarsamningum.
 - EES ríkin ekki aðilar að Directive um gagnkvæma aðstoð
 - Stenst þetta? Hvað sagði Ísland?

Hvað er hægt að gera?



- Fjárfesta með öðrum hætti – t.d. að fjárfesta í gegnum félög sem eru skattskyld og njóta verndar tvísköttunarsamninga.
- Fjárfesta í annars konar gerningum – t.d. samningar við banka þar sem undirliggjandi áhætta er það sem vilji er til að gengi fjárfestingar ráðist af.
- Breyta tvísköttunarsamningum – það tekur tíma og túlkun getur verið mismunandi milli landa. Háð vilja gagnaðila.
- Innan EES svæðisins ættu þessa mál að miklu leyti að vera í lagi – en eru þau það?

LOGOS

LÖGMANNSPJÓNUSTA
SÍÐAN 1907